



Fundargerð

Svæðisráð vestursvæðis - 98. fundur svæðisráðs vestursvæðis haldinn á fjarfundi, 20. október 2021, kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Árni Pétur Hilmarsson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Þingeyjarsveitar,
Sandra Brá Jóhannsdóttir, varaformaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Skaftárhrepps,
Ásta Berghildur Ólafsdóttir, aðalfulltrúi Ásahrepps,
Ingibjörg Eiríksdóttir, aðalfulltrúi umhverfisverndarsamataka,
Karl Ingólfsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Haukur Eggertsson, varafulltrúi Samtaka útivistarfélaga,
Sveinn Hreiðar Jensson, aðalfulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands,
Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður,
Jóna Björk Jónsdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

1. Vestursvæði - af vettvangi stjórnar - 1805025

Formaður fór yfir mál af vettvangi stjórnar VJP.

Einn stjórnarfundur haldinn síðan svæðisráð hittist síðast.

2. Starfsreglur svæðisráða Vatnajökulsþjóðgarðs - Ferðakostnaður - 2007018

Minnisblað um kostnað vegna fundasóknar svæðisráðsfulltrúa kynnt og rætt.

Minnisblaðið kynnt.

3. Stjórnunar- og verndaráætlun 3. útgáfa - Umsagnarferli - 2105079

Svæðisráð tekur, til umfjöllunar, tillögu að 3.útg. Stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulsþjóðgarðs.

Gestir

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir - 13:18

Umræður og fyrirspurnir. Ákveðið að svæðisráðsfulltrúar komi skriflegum athugasemdum við tillöguna til Jóhönnu Katrínar, fyrir 27. október, svo hægt sé að afgreiða hana frá svæðisráði á næsta fundi þann 3. nóv.

4. Vestursvæði - Skýrsla þjóðgarðsvarðar - 1912003

Stutt yfirlit yfir sumarið og stöðu á vinnu við rekstraráætlun.

Þjóðgarðsvörður kynnti stöðu verkefna. Svæðisráð þakkar kynninguna og lýsir ánægju sinni með þær góðu móttökur og fræðslu sem starfsmenn þjóðgarðsins veita gestum.

Fundargerð ritaði: Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður.
Fundi slitið kl. 14:30.